Við teljum það á misskilningi byggt, að þeir telji sig fá ódýrara og skilvirkara eftirlit frá ríkinu. Vera kann að annmarkar í undirbúningi og kostnaðargreiningu skýri þetta að hluta. Í gögnum málsins er gert lítið úr kostnaði sem af breytingunum hlýst og látið hjá líða að

ávarpa þá kostnaðaraukningu sem við blasir. Í viðauka 1 er samantekt og mat á kostnaði við þær breytingar sem snúa að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Munu sérfræðistörf haldast á landsbyggðinni?

Þótt ráðherrar hafi lýst yfir vilja til að halda sérfræðistörfum á landsbyggðinni liggur enn ekkert skýrt fyrir um hvernig það verði tryggt í framkvæmd. Hvorki hefur verið kynnt skipulag starfsemi né staðsetning starfa hjá Umhverfis- og orkustofnun og óvissa er einnig um framtíð starfa innan MAST. Reynslan sýnir jafnframt að ríkisstofnanir hafa oft átt erfitt með að manna sérfræðistörf utan höfuðborgarsvæðisins, meðal annars stjórnendastöður á landsbyggðinni. Án skýrra áætlana og skuldbindinga er því raunveruleg hættu á að störf og þekking flytjist smám saman frá landsbyggðinni.

Hver er ástæða þess að Samtök atvinnulífsins hafa átt fulltrúa í heilbrigðisnefndum?

Þessa skipan heilbrigðisnefnda má rekja allt til setningar laga nr. 7/1998 þar sem því var haldið fram að rétt væri að atvinnulífið hefði aðkomu að störfum heilbrigðisnefnda þar sem það legði til stóran hluta rekstrarfjár í gegnum eftirlitsgjöld. Þess má geta að fyrir breytingarnar áttu héraðslæknar sæti í s.k. svæðisnefndum.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa atvinnulífsins í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur hann ekki verið spurður álits af hálfu Samtaka atvinnulífsins. Sama má segja um fulltrúann í Heilbrigðisnefnd Suðurlands, þannig að SA virðist ekki hafa nein tengsl við þessa fulltrúa.

Hefur heilbrigðiseftirlitið tekið þátt í undirbúningsvinnu með MAST/Fiskistofu s.s. við gerð skipurita?

Nei. Haldnir hafa verið fjórir klukkustundarlangir fundir með forstjórum UOS, MAST og Fiskistofu. Fundirnir hafa aðallega farið í að miðla mjög takmörkuðum upplýsingum um stöðu mála.

Hver gæti verið innleiðingartími?

Það er erfitt að segja. Við leggjum til að frumvörpin verði dregin tilbaka og því verði ekki nein innleiðing. En ef frumvörpin verða samþykkt er augljóst að sá tími sem þar er áætlaður er allt of stuttur. Vegna stofnanabreytinga Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins árið 2024 varð a.m.k. 2 ára þjónusturof Umhverfisstofnunar og síðar Umhverfis- og Orkustofnunar sem birtist m.a. í því að heilbrigðiseftirlitin fengu nánast enga þjónustu frá stofnunni. Gera má ráð fyrir að innleiðingartími hér yrði ekki minni en tvö ár.

Getur innkoma sjálfstætt rekinna skoðunarstofa verið til hagsbóta?

Reynsla Íslendinga af skoðunarstofum í matvælaeftirliti er ekki góð. Slíkt fyrirkomulag var við lýði í um 20 ár eða frá 1992 til 2012 eða þar um bil. Meðal annmarka sem ekki var hægt að vinna bug á var að ekki er hægt að framselja þvingunarúrræði. Í reynd var það því þannig að þegar skoðunarstofa skráði frávík kallaði slíkt á sjálfstæða rannsókn af hálfu ríkisstofnunar (fyrst Fiskistofu og síðar Matvælastofnunar). Stofnunin varð svo að fylgja úrbótum eftir með þeim stjórnækjum sem hún bjó yfir. Svipað virðist vera á uppi á teningnum með hlutverk sveitarfélaga í frumvarpinu, þau fá ekki þvingunarúrræði og þurfa að leita til ríkisstofnana til að fylgja málum eftir.

Virðist sem „himinn og haf sé á milli sjónarmiða sveitarfélaga og „sérfræðinga ráðuneytis“ varðandi hugmyndir að einfalda ferla.“

Það má benda Jóni Gunnarsyni, sem kom með þessa spurningu, á umsögn Páls Stefánssonar fv. starfsmanns heilbrigðiseftirlits Kragans, sjá slóð: <https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-2305.pdf> þar sem hann lýsir því að frumvarpið sé stórskadlegt fyrir íslenskt samfélag og segir orðrétt í niðurlagi: „Mikilvægi hollustuhátta, grundvellingum fyrir starfi heilbrigðisnefnda, hefur alla tíð notið afar takmarkaðs skilnings innan ráðuneytis umhverfismála og enn síður hjá forverum núverandi Umhverfis- og orkustofnunnar. Fyrirliggjandi lagafrumvarp, sem unnið er í Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, endurspeglar þann veruleika. Undirritaður varar við samþykkt frumvarpsins.“ SHÍ tekur undir umsögn Páls í heild sinni.

Hvernig er fyrirkomulag matvælaeftirlits í nágrannalöndum?

Það er með svipuðum hætti og er á Íslandi, með örfáum undantekningum. Almenna reglan er sú að hluti þess er hjá ríkinu (m.a. samræmingarhlutverk) en annars er matvælaeftirlitið hjá staðbundnum stjórnvöldum, sveitarfélögum og hluti hjá fylkum /sýslum.

Verkefni sem verða eftir?

Frumvarpið felur ekki bara í sér tilfærslu verkefna heldur raunverulega veikingu sveitarstjórnarstigsins. Tekin er frá nærsamfélaginu fagþekking, staðbundin þekking og þvingunarúrræði sem hafa gert kleift að leysa mál áður en þau verða að formlegum ágreiningi eða þvingjandi stjórnsýslumálum. Í frumvarpinu er talið upp að verkefni tengd loftgæðamælingum og viðbragðsáætlunum fari til sveitarfélaga. Samþykktir um fráveitu, meðferð úrgangs, takmörkun dýrahalds (hunda- og katta) og að umgengni og umhirða utan húss verði hjá sveitarfélögunum 62 í stað heilbrigðisnefnda. Sveitarfélögunum sé þó heimilt að hafa samstarf um verkefnin! Engar valdheimildir fylgja eða þvingunarúrræði.

Kostnaðarmat?

Á fundi í Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu í janúar með Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og heilbrigðiseftirliti, kom fram að ekki væri markmið að framkvæmdin eftir breytingu væri ódýrari. Í viðauka 1 er samantekt og mat á kostnaði við þær breytingar sem snúa að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Hver er drifkraftur leiðar 3?

Lögfræðileg álitserð Trausta Fannars Valssonar sem ráðuneytið birtir með glærukynningunni dregur taum leiðar 3. Álitserðin er lögfræðilega afmörkuð og hallast, vegna forsendna sinna og skilvirknisjónarmiða, að miðlægari ríkislausn. Hún svarar ekki sjálfstætt þeirri pólitísku spurningu hvort slík miðstýring sé best fyrir íslenskt samfélag, lýðræði, nærþjónustu, sveitarfélög, atvinnulíf og neytendur. Skoða þarf hvaða samfélagslegu afleiðingar ríkisvæðingar á framkvæmd verði: fjarlægð frá notendum, staðbundin þekking, ólíkir atvinnuhættir milli svæða, aukinn kostnaður, óljós framkvæmd og því hvernig ríkið myndi raunverulega sinna nærþjónustu sem heilbrigðiseftirlitin sinna í dag.

Er leið 4 svar við ESA?

Já. En það er mikilvægt að hafa í huga að það að nefna áminningarbréf ESA í þessu máli (breytingar á l. nr. 7/1998) er stórkostlega villandi:

1. Athugasemdir ESA snúa ekki að framkvæmd l.nr. 7/1998,

2. Athugasemdir ESA snúa aðeins að litlu leyti að heilbrigðiseftirlitinu,
3. Athugasemdirnar snúa að því að ríkisstofnanir hafa ekki sinnt yfirumsjón sem skyldi og öðrum málum s.s. meðferð á sláturúrgangi og dýrahæjum.

Áhyggjur af kostnaði.

Eðlilegt að hafa áhyggjur af kostnaði því það að slíta sundur mengunar-, hollustuhátta- og matvælaeftirlit leiðir til aukins kostnaðar. Til dæmis fær mötuneyti í leikskóla tvö ríkisembætti í eftirlit eftir breytinguna í stað eins heilbrigðisfulltrúa nú. Stórhættulegt er að slíta sundur eftirlit með vatnsvernd (UOS) og svo sjálft neysluvatnseftirlitið (matvælaeftirlit) sem verður hjá hinni nýju Stofnun atvinnuveganna. Í viðauka 1 er samantekt og mat á kostnaði við þær breytingar sem snúa að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Sameining Umhverfis og orkustofnunar - er nálægð tryggð?]

Ef verið er að spyrja um útibú úti á landi þá má benda á grein Péturs Halldórssonar heilbrigðisfulltrúa sem skýrir núverandi tengslanet og reynir að sjá fyrir um hvernig það verði, sjá slóð: <https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-2076.pdf>

Störf í heimabyggð

Þrátt fyrir óljós fyrirheit um slíkt er engin raunveruleg trygging fyrir því að sérfræðistörf haldist á landsbyggðinni til frambúðar. Í lögum nr. 7/1998 þar sem jafnframt kemur fram að ekkert sveitarfélag skuli vera án heilbrigðiseftirlits er kveðið á um skiptingu svæða. Þessi lögbundna skipting landsins í eftirlitssvæði s.s. Vestfjarðasvæði þar sem starfssvæðið er hið gamla Vestfjarðakjördæmi o.s.frv. er grundvallarforsenda fyrir viðveru heilbrigðiseftirlitsins á landsbyggðinni. Í frumvarpsdrögunum er þessi grein felld út í heild sinni án þess að sambærilegar eða skýrari tryggingar komi í staðinn. Afleiðingin er sú að aukinn hættu er á miðstýringu, samþjöppun starfa á höfuðborgarsvæðinu og veikingu þjónustu á landsbyggðinni.

Í dag sinna heilbrigðisfulltrúar bæði mengunarvarnareftirliti og eftirliti með hollustuháttum og matvælum samhliða. Eftir breytinguna verður starfsmaðurinn annað hvort hjá Stofnun atvinnuveganna eða hjá Umhverfis- og orkustofnun. Hvar er þá einföldunin og skilvirknin?

Ef frekari spurningar vakna þá vinsamlega hafið sambandi við undirrituð.

F.h. Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Ásmundur E. Þorkelsson, asmundur@hes.is
Hörður Þorsteinsson, hordur@heilbrigdiseftirlit.is
Sigrún Guðmundsdóttir, sigrun@hsl.is

Viðauki 1: Samantekt og kostnaðarmat vegna breytinga á heilbrigðiseftirlitum.

Kostnaður ríkisins

1. Nýtt upplýsingakerfi (mat KPMG)	kr. 500.000.000
2. Standsetning starfsaðstöðu (80 fulltr.)	kr. 40.000.000
3. Kostnaður við bifreiðar og annar búnaður (rannsóknartæki)	kr. 50.000.000
4. Kynningarkostnaður til eftirlitsþega,	kr. 20.000.000
5. Vinna við samræmingu, leiðbeiningar og gátlista	kr. 100.000.000
6. Vinna við breytingar á reglugerðum	kr. 60.000.000
7. Yfirfærsla gagna í tölvukerfi MAST og UOS	<u>kr. 30.000.000</u>

Samtals áætlaður heildarkostnaður ríkisstofnanna kr. 800.000.000

Skýringar

1. Samkvæmt mati KPMG er kostnaður við upplýsingakerfi sem stenst viðmið sem ESA gerir kröfu um á milli 350-500 milljónir. Þá er ótalið kostnaður við leyfiskerfi, eftirlitshluta kerfisins o.fl. þætti. Það er því ólíklegt að hægt sé að koma upp slíku kerfi í raun, fyrir minni fjármagn en 500 milljónir. Það væri alla vega alveg ný tíðindi ef áætlanir enda í lægri tölunni. Sérstaklega þegar þarfagreining er ekki tæmandi.
2. Í frumvörpunum er gert ráð fyrir að heilbrigðisfulltrúar hafi forgang um störf. Reikna má með að það verði um 70-80 manns sem færirist til. Til viðbótar má reikna með einhverjum tíma í að mæta nýjum aðstæðum og líklega þarf að opna einhverjar nýjar starfstöðvar. Varlega áætlað má reikna með að kostnaður við starfsaðstöðu hvers starfsmanns, (tölvur, skrifborð, stólar o.s.fvr.) sé um 500 þús. per stöðugildi.
3. Heilbrigðiseftirlitin reka bifreiðar fyrir heilbrigðisfulltrúa, ýmis tæki til mælinga eru á hverju svæði, s.s. mælitæki til hitastigsmælinga, rakamælar til að greina myglu, hljóðmælar og ýmis tæki til að mæla mengun í jarðvegi o.fl. Líklega fæst búnaður fyrir lítið fé, ef hann er keyptur af sveitarfélögunum og því varlega áætlaður.
4. Ljóst er að kynna þarf breytingarnar til eftirlitsþega, gefa út leiðbeiningar og auglýsa nýjar leiðir fyrir leyfisveitinga og slíkt. Mikilvægt er að staðið sé að því verkefni með skýrum hætti til að spara kostnað síðar í kerfinu.
5. Það er ljóst að vinna við samræmingu dettur ekki af himnum ofan. Krafa ESA er að bæta samræmingu, auka gegnsæi og aðgang almennings að niðurstöðum eftirlits. Þetta er verkefni sem nauðsynlegt er að fara í og þarf að vinnast bæði í ráðuneytunum og yfirstofnunum í samræmi við lög og reglur. Varlega áætlaður kostnaður.
6. Lagfæra og breyta þarf rúmlega 300 reglugerðum. Sumar eru verulega flóknar sem hafa áhrif á margar aðrar reglugerðir og samþykktir sveitarfélaga. Þetta þýðir að mikil tími fer í breytingar á sumum reglugerðum, á meðan aðrar eru einfaldari.
7. Innlestur gagna í kerfi Stofnunar atvinnuveganna og Umhverfis- og orkustofnunar. Til að eftirlit og eftirfylgni eftirlits sé möguleg, þarf að yfirfæra

eldri eftirlitsskýrslur í kerfi SAV og UOS og gera eftirlitsmönnum þær aðgengilegar. Eins þarf að færa yfir núverandi starfsleyfi, í einhverjum tilfellum gefa út ný, vegna forsendubreytinga og í öðrum tilfellum færa starfsleyfi yfir í skráningu. Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við þetta verkefni, en líklegt að kostnaður vegna þessa verkefnis verði næstu ár, þar sem erfitt verður að ná utan um þetta verkefni í upphafi.

Kostnaður sveitarfélaganna

1. Launaskuldbindingar, lífeyrisréttindi	kr. 100.000.000
2. Aðrar skuldbindingar, s.s. leiga húsnæðis ofl.	kr. 20.000.000
3. Verkefni sem verða eftir hjá sveitarfélögunum	kr. 400.000.000
4. Vinna við breytingar á samþykktum sveitarfélaga	kr. 30.000.000
5. Hækkun eftirlitskostnaðar v/tvöfalds eftirlits	<u>kr. 50.000.000</u>

Kostnaður sveitarfélaganna sem situr eftir kr. 600.000.000

Skýringar

1. Ljóst er að einhverjar launaskuldbindingar sitja eftir hjá sveitarfélögunum þar sem óvíst er hvort allir starfsmenn flytjist yfir í nýjar stofnanir. Einnig eru orlofsréttindi og námsréttindi sem gera þarf upp. Lífeyriskuldbindingar liggja þegar á heilbrigðiseftirlitunum og hafa í sumum tilfellum ekki verið gjaldfærðar.
2. Gera þarf ráð fyrir að sveitarfélögin sitji uppi með kostnað vegna leiguskuldbindinga. Líklega geta þau nýtt aðstöðuna í einhverjum tilfellum, en hugsanlegt og skynsamlegt sé að semja sig út úr einhverjum samningum.
3. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu stýrihóps kom fram að á árinu 2023 voru framlög sveitarfélaga til heilbrigðiseftirlitanna það ár kr.451 milljónir. Gera má ráð fyrir að á árinu 2025 séu framlögin í um 600 milljónum. Þau framlög eiga að standa undir umhverfisvöktun, þjónustu við íbúa og öðrum þeim verkefnum sem heilbrigðiseftirlitum er falið. Varlega áætlað sitja sveitarfélögin uppi með allt að 2/3 af þeim verkefnum, þ.e. umhverfisvöktun, hreinsun lóða og lenda og ýmis þjónusta við íbúa.
4. Fara þarf í ítarlega vinnu við breytingar á samþykktum sveitarfélaga. Sú vinna þarf að vera unnin í góðri samvinnu við þá aðila sem sjá um breytingar á reglugerðum.
5. Ljóst er að við yfirfærslu verkefna til yfirstofnanna, þá fá ýmsar stofnanir sveitarfélaganna tvöfalt eftirlit, s.s. eftirlit með grunnskólum og leikskólum sveitarfélaganna. Samkvæmt lögunum á eftirlit að standa undir raunkostnaði og því ólíklegt að yfirstofnanir gefi sveitarfélögum einhvern afslátt af þeim kostnaði. Þessi viðbótarkostnaður er þó varfærnislega reiknaður, þar sem gera verður ráð fyrir að tíðni eftirlits verði eitthvað lækkuð vegna tvöfalds eftirlits.

MAGNA

L E G I S L A T I O N

Minnisatriði

Til: Sigrún Guðmundsdóttir, HSL.
 Málefni: Álitsgerð Trausta Fannars Valssonar um stjórnarsýslusamband stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga. Sviðsmyndagreining.
 Skráð af: Einar Farestveit, lrl.
 Dags.: 1.2.2026, uppf. 8.3.2026.
 Staða: Vinnuskjal. Minnisatriði við yfirferð álitsgerðar Trausta Fannars Valssonar.
 Skjöl : Álitsgerð TFV, Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits o.fl.

Eftirfarandi eru samantekt minnisatriða eftir yfirferð álitsgerðar Trausta Fannars Valssonar dósents og skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits.

1. Álitsgerð TFV lýsir á almennan hátt hvaða kröfur löggjöf þyrfti að uppfylla ef farið er í breytingar á kerfi heilbrigðiseftirlits í landinu m.t.t hlutverks heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eins og matvælaölggjöfin og hollustuháttalöggjöfin skilgreina hana. TFV virðist ekki í sjálfu sér taka afstöðu til þess hvora aðferðina eigi að nota, þ.e.a.s. hvort færa eigi allt heilbrigðiseftirlit undir ríkið eða hafa fyrirkomulagið sambærilegt og nú er, en með nauðsynlegri breytingu á löggjöf til að bregðast við athugasemdum sem fram hafa komið við framkvæmd eftirlits og gildandi lagaramma (bent er m.a. á ESA letter of formal notice).
2. Fram kemur að báðar leiðir krefjist umfangsmikilla lagabreytinga og breytinga á stjórnvaldsfyrirmælum.
3. Í álitsgerð TFV er vísað til tveggja sviðsmynda; a) Einfaldari leið sem felur í sér að færa allt heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga til ríkisstofnana en b) Flóknari leiðin felur í sér samræmingu milli stjórnvalda á sveitarstjórnarstigi. Rétt er að benda á að hugtakanotkunin „einfaldari“ og „flóknari“ gefur strax til kynna ákveðin hugrenningartengsl, án þess þó að TFV sé að mæla beint með hvorri leiðinni fyrir sig enda er það pólitísk ákvörðun um hvor leiðin sé farin. Orðalagið sjálft hallar óhjákvæmilega á samræmingarleiðina. En það er rétt að útfærslan er lögfræðilega flóknari, þ.e. að efla samræmingarhlutverk ríkisins gegnum stofnanir sínar en láta sveitarfélögin áfram bera ábyrgð á framkvæmd og ákvarðanatöku hvað heilbrigðiseftirlit varðar. Að færa öll verkefni undir eina ríkisstofnun er „einfaldari“ í þeim skilningi að öll verkefni færast á eina hendi en krefst samt mikilla lagabreytinga.
4. Að færa vald frá sveitarfélögum inn til miðlægra stofnana ríkisins er ákveðin afturför frá þeirri valddreifingu sem hefur rutt sér til rúms undanfarna áratugi og sjónarmiðum um að ákvarðanir skuli teknar sem næst vettvangi/notendum þjónustunnar.
5. Löggjafinn hefur tiltölulega rúmt svigrúm að skilgreina hlutverk sveitarfélaga með lögum, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sem TFV bendir á. Út frá sjálfsstjórn sveitarfélaga þarf ef samræmingarleiðin er farin að útfæra betur í lögum hlutverk hvors um sig og m.a. hvort um kærustig væri að ræða milli aðila eða hvort ákvarðanir yrðu áfram bornar undir úrskurðarnefnd. Þetta er útfærsluatriði. Sveitarfélög fara nú þegar með umfangsmikið hlutverk á ýmsum sviðum t.d. á sviði skipulagsmála
6. Samræmingarleiðin (sviðsmynd 4) felur í sér skv. TFV að í löggjöf þurfi að ákveða reglur um valdheimildir og skiptingu þeirra milli ríkis og sveitarfélaga og heimild

MAGNA

ríkis til að samræma reglur, viðmið og ákvarðanatöku. Þetta er unnt að útfæra í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Í dag er t.d. oft notast við samræmd starfsleyfisaskilyrði sem UOS hefur þróað og gefið út. Samkvæmt 51. gr. hollustuháttalaganna hefur stofnunin samræmingarhlutverk með öllu heilbrigðiseftirliti. Ef það hlutverk hefur ekki virkað sem skyldi er unnt að skilgreina betur valdsvið og valdmörk UOS gagnvart heilbrigðiseftirliti í stað þess að UOS taki yfir störf heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

7. Bent er á að til að ná fram fullu efnislegu samræmi um framkvæmd verkefna þurfi að tryggja formlega og samræmda stjórnun yfir verkefnunum og að ætla megi samræmingarleiðin ná ekki slíkum markmiðum nema lög tryggi samræmi um yfirstjórn heilbrigðiseftirlitssvæðanna – þar er vísað til þess að hugsanlega sé færsla allra verkefna undir eina ríkisstofnun tryggja slíka framkvæmd. Í álitinu er ekki bent á tiltekin atriði sem vanda hafi skapað og álitnið útilokar alls ekki að ekki sé unnt að tryggja samræmið með lagasetningu.
8. Tilfærsla undir eina ríkisstofnun (einfaldari leiðin) felur í sér fjarlægð frá notendum og þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja á hverju svæði fyrir sig. Umdæmin eru ólík og með ólíkar tegundir atvinnurekstrar og ólíka staðhætti. Ekki kemur beint fram hvernig það verði samræmt umfram það sem gert hefur verið hingað til. Sérþekking og bein tengsl við notendur kunna að tapast.
9. Álit TFV tekur ekki afstöðu til sparnaðar í kerfinu og sviðsmyndagreiningin staðfestir ekki að sparnaður náist fram. Með núverandi kerfi er eftirlitið á ábyrgð sveitarfélaganna og hallarekstur bitnar á sveitarsjóði en ekki ríkissjóði. Ekki er heldur útfært í gögnum hvernig á að vera unnt að ná einni samræmdri lands gjaldskrá þar sem kostnaður við eftirlit þarf að endurspegla raunkostnað við að sinna eftirlitinu. Hugsanlega getur verið erfitt fyrir ríkið að fletja svo út gjaldskrána að notendur þjónustunnar niðurgreiði fyrir aðra en það má lesa það út úr gögnunum að það sé ein hugmyndin. Sveitarfélögin hafa hingað til þurft að byggja gjaldskrár upp eftir tiltekinni aðferðarfræði sem miðast við raunkostnað við að sinna eftirliti. Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála hefur úrskurðað um hvort gjaldskrá uppfylli þær kröfur og virðist gera strangar kröfur í þeim efnum. Ekki verður beint séð að munur á gjaldskrár sveitarfélaganna sé stórt vandamál þótt einstakir notendur hafi kært álagningu gjalda fyrir sitt leyti.
10. Kæruleiðir/stjórnsýslukæra. FTV bendir á að með núverandi fyrirkomulagi sé kærufærlið ekki nógu skilvirkt þas úrskurðaraðilinn getur ekki breytt ákvörðun efnislega heldur aðeins staðfest eða fellt úr gildi. Þar sem sveitarfélögin eru sjálfstæð gagnvart stjórnsýslu ríkisins hefur úrskurðaraðili ekki möguleika á að breyta ákvörðuninni eða gefa fyrirmæli um hvers efnis ný ákvörðun eigi að vera. Þetta má til sanns vegar færa en FTV bendir á að þetta megi útfæra með lögum, þ.a. þetta eitt og sér er ekki ástæða til velja „einfaldari leiðina“.
11. Um samræmingarleiðina er m.a. bent á að til viðbótar við möguleika á kæru þurfi að styrkja stjórnartækin sem sveitarfélög hafi við framkvæmd eftirlits. Í álitu TFV er bent á nokkrar leiðir
 - a. setning stjórnvaldsfyrirmæla s.s. reglugerða
 - b. leiðbeiningar, handbækur, fyrirmæli um frkv. eftirlits
 - c. samræming skilyrða s.s. starfsleyfisaskilyrða
 - d. upplýsingagjöf til miðlægs stjórnvalds
 - e. viðurlög, þvingunarúrræði ef ekki farið eftir fyrirmælum miðlægs stjórnvalds o.fl.

MAGNA

12. Ekki verður séð af fyrirbyggjandi álitsgerð FTV eða sviðsmyndagreiningu starfshóps að knýjandi nauðsyn sé að færa heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga til einnar ríkisstofnunar eins og lýst er í skýrslu starfshóps. Unnt er að ná markmiðum um samræmingu með ýmsum öðrum aðferðum eins og FTV bendir reyndar á, þótt það kunni að vera eitthvað flóknara í framkvæmd. En það ræðst líka af því hversu langt Alþingi vill ganga í samræmingu og að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkisins.
13. Ríkisstofnun myndi í reynd ávallt þurfa á „útibúi“ að halda í nærsamfélaginu þar sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna sinna starfinu nú þegar. Hvernig ríkið ætlaði að bæta sér upp sérþekkingu heilbrigðisnefnda á sínu svæði kemur ekki beint fram. Þannig er ekki útfært hvaða sparnaður ætti að nást við svo umfangsmikla kerfisbreytingu sem „einfaldari leiðin“ felur í sér (sviðsmynd 3). Það er töluverður munur á að ein ríkisstofnun sinni t.d. starfsleyfisútgáfu og eftirliti með umfangsmiklum atvinnurekstri eins og gert er í dag og að sinna daglegu eftirliti með mjög fjölbreyttri flóru starfsemi í sveitarfélögum og öðru eftirliti með hollustuháttum og matvælum eins og gert er. Í álitsgerðinni og fylgigögnum er ekki beint tekið á hvernig færi um annað hollustuháttaeftirlit sem sveitarfélögin sinna nú þegar.
14. Af gögnunum má draga þá ályktun að veruleg kerfisbreyting á þessu sviði sé að verulegu leyti pólitísk ákvörðun í stað þess að þess að lagfæra núverandi kerfi með styrkingu lagarammans utan um starfsemi sem þegar er til staðar og unnið hefur verið eftir í áratugi.

EF/ 1.2.2026/8.3.2026

Ályktun samþykkt 11.05 2026.

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags þann 11. maí 2026 lýsir yfir áhyggjum af bágri stöðu starfsfólks í leikskólun. Samkvæmt niðurstöðu Vörðu Rannsóknarstofnunarinnar¹ er staðan mjög slæm. Þegar nær helmingur leikskólastarfsmanna getur ekki staðið undir óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum, þriðjungur býr við félagslegan og efnislegan skort og fjórir af hverjum tíu mælast með slæma andlega heilsu, þá er ekki lengur hægt að tala um tímabundinn vanda eða einstaklingsbundin vandamál. Þetta er kerfisbundið láglæðisrástæði gagnvart starfsstétt sem heldur uppi einni mikilvægustu grunnstöð samfélagsins.

Skýrslan sýnir svart á hvítu að fólk sem sinnir umönnun og uppeldi yngstu barna landsins býr við verri kjör, meiri fjárhagsáhyggjur, lakari húsnæðisstöðu og verri andlega heilsu en annað launafólk. Það eitt og sér ætti að teljast neyðarástand í opinberri þjónustu. Þegar starfsfólk hefur ekki efni á félagslífi barna sinna, næringarríkum mat eða nauðsynlegum fatnaði fyrir fjölskylduna sína, þá eru launin einfaldlega of lág til að lifa mannsæmandi lífi.

Þetta útskýrir líka þann mannekluvanda sem sveitarfélög glíma við í leikskólum. Það er ekki skortur á fólki sem vill vinna mikilvægt starf með börnum — það er skortur á fólki sem hefur efni á því. Samfélagið getur ekki ætlast til þess að fólk beri gríðarlega ábyrgð, vinni undir miklu álagi og fórnir eigin heilsu fyrir laun sem duga ekki fyrir grunnöryggi.

Ef sveitarfélög bregðast ekki við þessum niðurstöðum með raunverulegri uppbyggingu starfsumhverfis leikskóla, þá er verið að samþykkja að láglæðisrástæði í einni mikilvægustu þjónustu samfélagsins búi við stöðugan fjárhagslegan og andlegan óstöðugleika. Það er pólitísk ákvörðun — ekki náttúrulögmál.

Halldóra Sigr. Sveinsdóttir formaður Bárunnar, stéttarfélags s. 8965724

¹ <https://www.rannvinn.is/post/n%C3%BD-sk%C3%BDrsla-v%C3%B6r%C3%B0u-s%C3%BDnir-b%C3%A1ga-fi%C3%A1rhagsst%C3%B6%C3%B0u-hj%C3%A1-st%C3%B3rum-hluta-%C3%BEeirra-sem-starfa-%C3%AD-leiksk%C3%B3lum>

Oddgeirshólavegur, vegur 304-01,

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

*Samþykkt af framkvæmdastjóra
með tölvupósti þann 28.05.2026*



Efni: Breyting á hámarkshraða á Oddgeirshólavegi (304-01).

Lagt er til af svæðisstjóra Suðursvæðis að hámarkshraði á Oddgeirshólavegi (304-01) verði lækkaður á stuttum kafla í 70 km/klst. Um er að ræða frá ca. st. 40 að ca. st. 500. Þetta er um 500 metra kafla. Er tillaga svæðisstjóra byggð á óskum sveitastjórnar sem og umferðaröryggis sjónarmiðum. Gögn sem fylgja málinu má finna í Gopro 2026060001.

Úr fundargerð sveitastjórnar:

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði eftirfarandi á fundi sínum dags.
18.03.2026:

„Hámarkshraði á Oddgeirshólavegi við Heiðargerði
Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því við Vegagerðina að
hámarkshraði á Oddgeirshólavegi nr. 304 frá Suðurlandsvegi nr. 1
verði lækkaður í 70 km/klst. á um 500m kafla. Ósk um lækkun á
hámarkshraða er hugsuð til að auka öryggi vegfarenda vegna
vegtenginga við veginn frá Heiðargerði vegna starfsemi á iðnaðar- og
athafnasvæði. Á svæðinu er meðal annars rekið bifreiðaverkstæði,
flutningaþjónusta, starfsemi Orkugerðarinnar, byggingafyrirtæki og
önnur fjölbreytt starfsemi. Frekari uppbygging innan svæðisins er
fyrirhuguð.

Sveitarstjóra falið að fylgja eftir ósk sveitarstjórnar um lækkun
hámarkshraða við Vegagerðina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.”

Þarna er daglegur flutningur með stórum flutningabifreiðum sem þurfa lengri
tíma til að athafna sig en almenn ökutæki og mun því lækkun á hámarkshraða
auka öryggi þeirra sem þar fara um.

Með umferðaröryggisleg sjónarmið að leiðarljósi er talið að þetta sé
vegfarendum til bóta.

Umsögn umferð og umferðaröryggis:

Umferðar- og umferðaröryggisdeild er hlynnt tillögunni og telur hana
vera til þess fallna að auka umferðaröryggi.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Hvað þarf að gera:

- Setja upp nýtt 362 70 km/klst. merki við ca. st. 40 og 500.
- Setja upp nýtt 362 90 km/klst. merki við ca. st. 500.

Kostnaður: Vinna Vegagerðarinnar ásamt 2 stk. 362(70), 1 stk. 362 (90) merki,
6 festingar og 3 stk. staurar.



Mynd 1: Myndin sýnir það svæði sem undir er.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Kristófer Ágúst Kristófersson

Hamarsvegur, vegur 308

Flóahreppur
Þingborg
801 Hella

*Samþykkt af framkvæmdastjóra
með tölvupósti þann 20.05.2026*

**Efni: Breyting á hámarkshraða á Hamarsvegi, vegur 308.**

Lagt er til af svæðisstjóra Suðursvæðis að hámarkshraði á Hamarsvegi (308) verði lækkaður í 70 km/klst. frá st. 4.480 og að st. 8.940. Einnig er lagt til að við ca. st. 5.350, 5.650, 8.200 og 8.440 á kafla 01 verði sett upp merkin 812 (50) „leiðbeinandi hámarkshraði“. Þetta er við vinkelbeygju á veginum og fram hjá bænum Skúflækur Er tillaga svæðisstjóra byggð óskum ábúenda sem og umferðaröryggis sjónarmiðum.

Við ca. st. 4.480 og við ca. st. 8.940 endar bundið slitlag og vantar þar merki um slíkt ca. 300 m. frá báðum stöðum.

Gögn sem fylgja málinu má finna í Gopro 2026030049.

Lögbýlið Skúflækur liggur mjög nærri veginum og er kvartað sáran undan miklum hraðakstri þarna með tilheyrandi ryk austri yfir bæinn á sumrin og hættu fyrir ábúendur sem sinna hestum hinum megin vegar. Á veginum er einnig kröpp beygja við Skógsnes og malarkafliinn er mjór og ekki gerður fyrir 80 km/klst.

Með umferðaröryggisleg sjónarmið að leiðarljósi er talið að þetta sé vegfarendum til bóta.

Umsögn umferð og umferðaröryggis:

Umferðar- og umferðaröryggisdeild er hlynnt tilögunni og telur hana vera til þess fallna að auka umferðaröryggi.

Hvað þarf að gera:


- Setja upp nýtt 362 70 km/klst. merki við ca. st. 4.480 og 8.940
- Setja upp nýtt 364 merki við ca. st. 4.480 og 8.940
- Setja upp nýtt 842.2. merki við ca. st. 4.180 og 9.240
- Setja upp nýtt 802.1. (300) merki við ca. st. 4.180 og 9.240
- Setja upp nýtt 812 (50) merki við ca. st. 5.350, 5.650, 8.200 og 8.440

Kostnaður: Vinna Vegagerðarinnar ásamt 2 stk. 362(70), 2 stk. 364, 2 stk. 842.2, 2 stk. 802.1 (300), 4 stk. 812 (50) merki, 22 festingar og 10 stk. staurar.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Gardabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Síða 2/2

Vegagerðin

Mynd 1: Myndin sýnir það svæði sem undir er.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Kristófer Ágúst Kristófersson